

Ársreikningur Landsvirkjunar

Aldrei meiri tekjur og tillaga um 15 milljarða kr. arðgreiðslu

Helstu atriði ársreiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 227,1 milljón USD (29,5 ma.kr.), en var 138,7 milljónir USD árið áður og hækkar því um 63,7%.¹
- Hagnaður ársins var 148,6 milljónir USD (19,3 ma.kr.), en var 78,6 milljónir USD árið áður.
- Rekstrartekjur námu 558,8 milljónum USD (72,6 ma.kr.) og hækka um 105,3 milljónir USD (23,2%) frá árinu áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 175,0 milljónir USD (22,8 ma.kr.) frá áramótum og voru í árslok 1.500,8 milljónir USD (195,1 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 323,3 milljónum USD (42,0 ma.kr.), sem er 38,1% hækkun frá árinu áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Eftir óvissu og erfiðleika í rekstrarumhverfi fyrirtækisins í byrjun veirufaraldursins á árinu 2020 varð mjög jákvæð þróun á rekstri Landsvirkjunar á árinu 2021. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði sem við lítum helst til þegar afkoma fyrirtækisins er skoðuð, var 29,5 milljarðar króna og hækkaði um 64% á milli ára í Bandaríkjadal talið. Rekstrartekjur Landsvirkjunar jukust um rúm 23% frá fyrra ári og voru meiri en áður í sögu félagsins.

Bætta afkomu má rekja til mikils bata í rekstrarumhverfi stórnotenda viðskiptavina okkar og Landsvirkjunar sjálfar. Þegar leið á síðasta ár varð raforkukerfið á Íslandi fulllestað og eftirspurn mikil frá fjölbreyttum viðskiptavinum.

Selt heildarmagn jókst um 5% á milli ára. Meðalverð inn á heildsölumarkað til heimila og smærri fyrirtækja hækkaði ekki frá fyrra ári, var 5,3 kr/kWst, á meðan meðalverð til stórnotenda hækkaði um 55% og var 32,7 USD/MWst. Hækkunina má einkum rekja til hagstæðra ytri skilyrða á ál og orkumörkuðum og þess að endursamið hefur verið við flest fyrirtækin og greiða þau sambærileg verð og þau greiða í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Bætta afkomu Landvirkjunar á síðasta ári má því alfarið rekja til hækkunar á tekjum af sölu til stórnotenda.

Áfram héldum við á þeirri braut að lækka skuldir. Nettó skuldir lækkuðu um tæpa 23 milljarða króna (175 milljónir Bandaríkjadala) frá upphafi árs. Helstu skuldahlutföll eru nú orðin sambærileg og þau eru hjá systurfyrirtækjum okkar á Norðurlöndunum, sem er árangur sem við erum stolt af. Lykilmælikvarðinn nettó skuldir/EBITDA lækkaði umtalsvert á síðasta ári og eru hreinar skuldir nú aðeins um 3,5-faldur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir. Ekki er því lengur

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 130


þörf á að leggja áherslu á hraða lækkun skulda og hefur arðgreiðslugeta fyrirtækisins þar af leiðandi aukist. Í þessu ljósi áformar stjórn fyrirtækisins að leggja til við aðalfund um 15 milljarða kr. (120 milljóna Bandaríkjadala) arðgreiðslu vegna síðasta árs.

Þessi góða fjárhagsstaða Landsvirkjunar er góður grunnur fyrir þær áskoranir sem framundan eru á vegferðinni að grænni og loftslagsvænni framtíð samfélagsins. Í undirbúningi eru nokkur verkefni tengd aukinni orkuvinnslu sem mögulegt verður að hefja síðar á þessu ári. Tækifærin eru fjölmörg og við höfum þegar hafist handa við undirbúning verkefna sem stuðla að orkuskiptum innanlands og metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum..

Sem fyrri ár gekk rekstur aflstöðva vel, þrátt fyrir ýmsar áskoranir sem fylgdu COVID-19 faraldrinum. Við erum því vel í stakk búin til þess að takast á við þau verkefni sem framtíðin ber í skauti sér.“


Rekstur

Þróun rekstrartekna




Rekstrartekjur hækka um 105 m. USD á milli ára og hafa aldrei verið hærrí sögu fyrirtækisins. Þessi hækkun skýrist að mestu leyti af hækkunum á alþjóðlegum hrávöru- og orkumörkuðum, þar sem hluti af raforkusamningum er tengdur ál- og Nord Pool-verðum.

EBITDA og EBITDA hlutfall




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og virðisýrningu, EBITDA, nam 425 m. USD á árinu og hefur aldrei verið hærri í sögu fyrirtækisins. Þessi hækkun er í takti við jákvæða þróun rekstrartekna.

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 227 m. USD á árinu og er í sögulegum hæðum.


Áhrifabættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði




Sterk fjármunamyndun

Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 323 m. USD á árinu, sem er 89 m. USD hærra en árið áður og er sögulegt met fyrir Landsvirkjun. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 175 m. USD frá áramótum.

Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Handbært fé nam 98 m. USD í lok árs, sem er um 6 m. USD hækkun frá árslokum 2020.



Horfur í rekstri

Mikill bati hefur orðið á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar frá því sem var fyrir ári síðan og horfur eru jákvæðar. Landsvirkjun finnur vel fyrir aukinni eftirspurn og ætlar sér hér eftir sem hingað til að mæta þörfum samfélagsins fyrir endurnýjanlega orku, hvort sem er til orkuskipta eða reksturs fjölbreyttra fyrirtækja og blómlegs atvinnulífs í landinu.

Reykjavík, 18. febrúar 2022

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og upplýsingatækni
s. 515 9000

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstur					
Rekstrartekjur	617.703	448.276	499.547	538.455	491.175
Innleystar áhættuvarnir	(58.881)	5.262	10.047	(4.534)	(8.098)
Rekstrartekjur samtals	558.822	453.538	509.594	533.921	483.077
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(133.842)	(127.214)	(131.106)	(144.041)	(137.503)
EBITDA	424.980	326.324	378.488	389.880	345.574
Afskriftir og virðisrýrnun	(138.722)	(128.967)	(134.779)	(125.448)	(127.086)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	286.258	197.357	243.709	264.432	218.488
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(58.914)	(58.651)	(67.681)	(80.178)	(64.844)
Áhrif hlutdeildarfélaga	(248)	(12)	(27)	(179)	(228)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	227.096	138.694	176.001	184.075	153.416
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	33.455	970	(1.323)	(49.410)	84.494
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(46.301)	(12.726)	(8.011)	24.878	(12.990)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	12.031	(8.189)	8.290	21.014	(60.745)
	(815)	(19.945)	(1.044)	(3.518)	10.759
Hagnaður fyrir tekjuskatt	226.281	118.749	174.957	180.557	164.175
Tekjuskattur	(77.703)	(40.131)	(60.079)	(59.528)	(56.211)
Hagnaður	148.578	78.618	114.878	121.029	107.964
Efnahagur					
Eignir samtals	4.446.381	4.348.344	4.381.633	4.451.081	4.506.392
Eigið fé samtals	2.368.767	2.235.135	2.235.399	2.163.056	2.063.112
Skuldir samtals	2.077.614	2.113.209	2.146.234	2.288.025	2.443.280
Nettó skuldir	1.500.786	1.675.804	1.691.462	1.884.603	2.042.642
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	323.299	234.084	295.764	295.761	277.937
Fjárfestingar	(113.035)	(111.550)	(82.420)	(150.864)	(253.740)
Fjármögnun	(204.453)	(142.399)	(218.261)	(151.876)	(45.282)
Lausafé og óáðregin lán alls	267.560	371.963	290.487	469.433	547.907
Eiginfjárhlutfall	53,3%	51,4%	51,0%	48,6%	45,8%
Arðsemi eiginfjár	6,6%	3,5%	5,3%	5,9%	5,5%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	7,23x	5,66x	5,55x	4,76x	5,53x
Nettó skuldir / EBITDA	3,53x	5,14x	4,47x	4,83x	5,91x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.